



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

Bláa Hnandsbraut 24  
101-108 Reykjavík, Iceland

Tel. (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. september 2007

Tilvísun: UST20070800106/bs

### **Lagning ljósleiðarasæstrengs yfir Reyðar- Beru- Hamars- og Álftafjörð. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. ágúst 2007 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða lagningu sæstrengs yfir Reyðarfjörð, Berufjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð. Aðrir sæstrengir hafa verið lagðir á eða við fyrirhugaða strengleið í öllum fyrrnefndum fjörðum nema í Reyðarfjörð. Á landi mun strengurinn fylgja öðrum mannvirkjum s.s. vegum. Hægt er að fullyrða að sýnileg ummerki á landtökustöðum verði lítil og tímabundin þar sem um sambærilegar framkvæmdir hefur verið að ræða á þessum stöðum. Hafsbóttn var kannaður og mun strengleiðin liggja um sléttan sand- og leirbotn. Kóralsvæðum verður því ekki raskað. Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa skaðleg áhrif á lífríki eða sjávarbotn.

Strengleiðin liggur um tvö svæði á náttúruminjaskrá en þau eru Blábjörg við Berufjörð nr. 622 á náttúruminjaskrá og Álftafjörður nr. 652 á náttúruminjaskrá. Í umsögn


Umhverfisstofnunar um lagningu ljósleiðara um Álftafjörð dags. 20. apríl 2007 er bent á að landtökustaður á Skipanesi er á viðkvæmu svæði þar sem um er að ræða talsvert votlendi og mikið fuglalíf. Lögð er áhersla á að framkvæmdin hafi sem minnst áhrif á fuglalíf og í því skyni verði framkvæmdatími ákveðinn í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.


Umhverfisstofnun ítrekar fyrrgreindar ábendingar.

Strengleið um Teigarhorn í Berufirði sem er friðlýst náttúruvætti og um svæði nr. 622 á náttúruminjaskrá hefur verið breytt frá þeirri leið sem kynnt var Umhverfisstofnun vorið 2007. Vegna þessa ber að leita að nýju umsagnar og leyfis Umhverfisstofnunar samkvæmt 38. greinar laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða og umfangs og eðlis framkvæmdarinnar telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin vill hins vegar benda á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda er lagning sæstrengja háð samþykki Umhverfisstofnunar. Umsögn þessi jafngildir ekki slíku samþykki.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður